



Fundargerð

371. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur, mánudaginn 22. september 2014 kl. 17.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VÞ), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), sem ritaði fundargerð, og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri boðaði forföll.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og spurði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin önnur mál bárust. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá

Mál til afgreiðslu

1. 1409003 – Ráðning hjúkrunarforstjóra við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð.

Fyrir sveitarstjórn lá fundargerð stjórnar Barmahlíðar, þar sem stjórnin mælir með ráðningu Helgu Garðarsdóttur í starf hjúkrunarforstjóra við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð. Þá lá einnig fyrir samantekt frá Capacent dagsett 8. september 2014.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps ákveður að ráða Helgu Garðarsdóttur í starf hjúkrunarforstjóra við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð frá og með 1. nóvember 2014.

Jafnframt að gengið verði til samninga við Þuríði Stefánsdóttur um framlengingu á ráðningarsamningi um 1 mánuð, frá 1. okt - 31. okt. 2014.

Samþykkt samhljóða.

2. 1409021 – Frestun á lögboðnum fundi sveitarstjórnar sem halda átti 9. október 2014.

Þar sem fjármálaráðstefna sveitarfélaganna hefur verið skipulögð 9.-10. október er samþykkt að fresta lögboðnum fundi sveitarstjórnar sem halda átti 9. október 2014 um viku, eða til 16. október 2014.

Samþykkt samhljóða.

3. 1409022 – Reglur um flutningsstyrki, drög.

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um flutningsstyrki. Sveitarstjórn fór yfir drögin og leggur til smávægilegar breytingar, málinu frestað til næsta fundar.

Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17.40.
